



Hafnarfjörður  
b.t. Berglind Guðmundsdóttir  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 10. jan. 2019

### **Lýsing fyrir nýtt deiliskipulag við Krýsuvíkurborg í Krýsuvík í Hafnarfirði\_umsögn**

Vísað er bréf dags. 12. des. 2018 þar sem óskað er umsagnar varðandi lýsingu fyrir nýtt deiliskipulag við Krýsuvíkurborg í Krýsuvík í Hafnarfirði.

Reykjavík er eitt aðildarsveitarfélaga að Reykjanesfólkvangi þrátt fyrir að eiga ekki land í fólkvanginum en hugmyndin var að svæðið sé sameiginlegt uppland höfuðborgarsvæðisins og aðliggjandi sveitarfélaga fyrir útivist. Markmið með fólkvanginum og þar með borgarinnar er því að vernda náttúrminjar og svæði til útivistar fyrir íbúa aðildarsveitarfélaganna.

Það er fagnaðarefni að unnið sé deiliskipulag fyrir svæðið. Í markmiðum er gert ráð fyrir að standa eigi vörð um náttúru og söguminjar og bæta aðstæður til útivistar með því að auðvelda aðgengi. Þetta er jákvætt en aukin aðsókn á svæðið getur á sama tíma verið ógn við verndarsjónarmiðin, sérstaklega gagnvart fuglalífínu sem getur verið viðkvæmt fyrir truflun. Eins og fram kemur er Krýsuvíkurborg mikilvægt fuglasvæði og er auk þess á lista Náttúrufræðistofnunar um tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. svæði sem stofnunin leggur til að verði friðlýstar. Í forsendum Náttúrufræðistofnunar er einmitt tilgreint að vaxandi ferðamannastraumur sé ein helsta ógnin við svæðið auk ólöglegs fugladráps. Því er lagt til að í tillögugerð deiliskipulags sé sérstaklega hugað að því að draga úr þeirri ógn sem aukið aðgengi getur haft á fuglalífið. Það má gera þannig að aðgengi sé að einhverju leyti takmarkað og/eða að hægt sé að stýra aðgengi á ákveðnum tímum.

Í kafla 2 er óheppileg rangfærsla sem líklega er þó innsláttarvilla: „Reykjanesfólkvangur er hluti af alþjóðlegum samtökum jarðvanga...“ .

Þarna á sennilega að standa „Reykjanes Geopark“ í stað Reykjanesfólkvangs enda er skilmerkilega búið að gera grein fyrir fólkvanginum fyrr í textanum.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða